



Málmíðnaður

SI Fréttauki Samtaka iðnaðarins

1. tbl. 10. árg. • 2004

Stefnumótun Málms:

Átak til aukinnar framleiðni

Á aðalfundi Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði í vor var samþykkt stefna félagsins um markmið og leiðir til næstu sjö ára. Dregin var upp sú framtíðarsýn sem félagsmenn vilja sjá í íslenskum málmíðnaði árið 2010. Jafnframt var bent á þau viðfangsefni sem vinna þarf að til þess að sú framtíðarsýn gangi eftir. Þessi verkefni voru vegin og eitt þeirra, sem fékk hæsta skor og talið mikilvægt að hefjast strax aðgerðir við, var að bæta skilning á þýðingu aukinnar framleiðni í greininni. Í framhaldi af því verði gengist fyrir átaki til að vinna með fyrirtækjunum og starfsmönnum þeirra að framleiðni- aukningu í einstökum fyrirtækjum.

Skömmu eftir aðalfundinn skipaði stjórn Málms fjögurra manna starfshóp sem var falið að leggja fram fyrstu hugmyndir að verkefni og aðgerðum innan málmíðnaðarins á sviði framleiðni.

Starfshópurinn byggði starf sitt á markmiðslýsingu sem fram kemur í ofangreindri framtíðarsýn félagsins sem staðfest var á aðalfundi þess. Þessari lýsingu má þjappa saman í eftirfarandi:

Fyrirtæki í málmíðnaði verða árið 2010 sterk, sérhæfð og arðsöm og starfa á alþjóðlegum markaði. Þau hafa aukið útflutning til muna og hyggja á enn frekari umsvif. Forsenda þessa er stórauðin framleiðni sem snýst í meginatriðum um þekkingu, kostnað og gæði.



Kostnaður - gæði

Starfshópurinn byrjaði á því að skoða tengsl kostnaðar og gæða og hvar starfsgreinin vill – eða þarf – staðsetja sig á mörkuðum ef unnt á að vera að ná settum markmiðum. Ljóst er að þar ráða úrslitum framleiðnistig og gæði. Til þess að meta þróun framleiðni þarf að koma á mælingum í einni eða annarri mynd. Slíkar mæliaðferðir verða að vera einfaldar, aðgengilegar og samræmdar þannig að hægt sé að bera saman þróunina innan hvers fyrirtækis, milli fyrirtækja og milli landa (Bench Marking).



Framleiðniátak

Niðurstaða starfshópsins var að leggja til að sett verði á lagginnar framleiðniátak eða framleiðniverkefni innan fyrirtækja Málms í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Markmið þess verði m.a. að kynna framleiðnihugtakið fyrir stjórnendum og starfsmönnum, efla umræðu innan fyrirtækjanna um mikilvægi framleiðni, draga fram þá þætti í rekstri sem valda mestu um þróun framleiðni, kynna notkun framleiðniaðferða og finna sýnilega mælikvarða.



Starfshópurinn lagði til að verkefninu yrði skipt í tvo áfanga:

1. Stutt kynning í fyrirtækjunum á hugtakinu framleiðni og ávinningi fyrir alla við að auka hana
2. Þjóða fyrirtækjum, sem vilja takast

Stefnumótun Málms

Framh. af forsíðu

á við að auka framleiðnina, skipulagða leiðsögn í þeim efnum. Vísað er til góðrar reynslu af gæðaverkefni Samtaka iðnaðarins sem æ fleiri fyrirtæki eru farin að nota sér með góðum árangri.

Framkvæmdaáætlun

Á stjórnarfundum Málms í maí var staðfest framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir fyrri hluta framangreinds verkefnis.

Áætlunin gerir ráð fyrir að ráðinn verði maður í tvo mánuði til að:

- Undirbúa aðgengilegt efni um framleiðni, hverju hún skiptir, hvað hefur áhrif á framleiðni og hvaða tæki eða aðferðir eru tiltæk til að auka hana í fyrirtækjum.
- Fara með þetta efni í u.þ.b. 15 aðildarfyrirtæki Málms og Félags blikk-smiðjueigenda. Kynna sér starfseminu og efna síðan til funda með starfsmönnum og stjórnendum um framleiðni og þýðingu hennar fyrir afkomu starfsmanna og fyrirtækis. Ræða að því loknu almennt um málefnið við starfsmenn og stjórnendur með það að markmiði að sannfæra þá um að þetta sé þeirra sameiginlega verkefni og miklu skipti að þeir nái árangri.
- Taka saman lærdóm af þessum heimsóknunum og móta á grundvelli hans drög að aðgerðaráætlun sem miðar að því að bjóða fyrirtækjunum ráðgjöf um framleiðni – svipað og Samtök iðnaðarins hafi gert varðandi gæðamál.



Til þessa verks verði ráðinn maður í tveggja mánaða vinnu og skiptist verkefni hans með eftirfarandi hætti:

- Hálfur mánuður til undirbúnings
- Einn mánuður til að kynna framleiðni-mál í fyrirtækjum í greininni
- Hálfur mánuður í úrvinnslu og að semja drög að áætlun um framhald

Málmur hefur samþykkt að leggja til þess talsvert fé úr félagsjóði og vonast til að fleiri komi að þessari fjármögnun enda hefur verkefnið hlotið ágætar undirtektir allra sem um það hafa fjallað.

Auk stjórnar Málms hefur stjórn Samtaka iðnaðarins fjallað um þetta verkefni og ákvað að styrkja það fjárhagslega.

Staðsett hjá Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins

Stjórn Málms hefur ákveðið að óska eftir því við FM að sjá um rekstur þessa afmarkaða verkefnis undir stjórn áðurnefnds starfshóps. Hann skipa: Bolli Árnason (GT-

Tækni), Gylfi Einarsson (FM), Ingólfur Sverrisson (Málmi) og Jón Þór Þorgrímsson (Málmsteypu Þorgríms Jónssonar).

Um þessar mundir er verið að ganga frá samningi við Eðvald Möller verkfræðing um að taka að sér verkefnið og sjá um kynninguna í fyrirtækjunum. Hann hefur komið víða við og kennir nú við Tækniháskóla Íslands jafnframt því að hafa kennt á námskeiðum á vegum FM.

Kynning í fyrirtækjunum

Gert er ráð fyrir að kynning á framleiðni og þýðingu hennar fari fram í málmíðnaðarfyrirtækjum í september og október í haust. Þau fyrirtæki sem óska eftir að fá þessa kynningu og umfjöllun fyrir sig og sína starfsmenn eru beðin að hafa samband við Málm (s. 591 0100) sem fyrst. Gert er ráð fyrir að fundurinn geti fallið inn í kaffitíma starfsmanna síðari hluta dags og tekur u.þ.b. eina klukkustund.

Með slíkum fræðslufundum er bæði verið að skerpt skilning allra starfsmanna á þýðingu aukinnar framleiðni og einnig að undirbúa jarðveginn til að taka sameiginlega á þessu mikilvæga málefni með skipulegum hætti innan fyrirtækjanna enda ráðast úrslitin þar þegar til þess kemur að standast alþjóðlega samkeppni.

meistarinn.is

þar sem þú finnur fagmenn!

Betri líðan – Bættur hagur

- áttak til að auka vinnuvernd í málm- og byggingariðnaði

Árið 2002 stóðu Samtök iðnaðarins og Samiðn fyrir rannsókn á öryggismálum í byggingar- og málmíðnaðarfyrirtækjum. Niðurstaðan var birt í ítarlegri skýrslu sem varð til þess að ofan-greind samtök ákváðu að vinna skipulega saman að því að bæta ástandið í þessum málum á vinnustöðunum.

Í fyrstu var leitað fyrirmynda hér á landi og horft til kerfis sem Alcan hafði tekið upp í Straumsvík. Vinnuhópur var settur á fót og hann kynnti sér aðferðir og árangur í Straumsvík. Þar kom margt mjög athyglisvert í ljós – ekki síst það að með skipulegu átaki er hægt að lyfta Grettistaki í öryggi á vinnustöðum og fækka óhöppum og slysum verulega.

Þá var fundað með fulltrúum Vinnueftirlits ríkisins og þeim kynnt markmið samtakanna í þessum efnunum. Vinnueftirlitið kynnti þá vinnuhópnum finnskt kerfi sem mótað var þar í landi og hefur verið í notkun þar frá árinu 1991 og jafnvel náð nokkurri útbreiðslu í öðrum löndum. Hér er um að ræða tvö kerfi: TR-mæli, fyrir byggingariðnaðinn og ELMERI, fyrir málmíðnaðinn.

Gengið til verks

Eftir að hafa skoðað þessar aðferðir var ákveðið að falast eftir að þýða þau og staðfæra og reyna síðan í takmörkuðum fjölda fyrirtækja. Finnarnir tóku því vel og því ákváðu Samtök iðnaðarins og Samiðn að móta sérstaka starfs- og fjárhagsáætlun um þetta verkefni í samvinnu við Vinnueftirlitið.

Yfirskrift verkefnisins er að kynna og koma á aðferðafræði á vinnustöðum til að bæta og auka vinnuverndarstarf í byggingar- og málmíðnaði undir kjörorðinu: Betri líðan – Bættur hagur (eða BB-verkefnið).

Verkefnið felur m.a. í sér að þýða og staðfæra matsaðferðir (TR-mælinn og Elmeri-mælinn), standa fyrir kennslu- og leiðbeinendanámskeiðum, gera samkomulag við fyrirtæki (5 til 6) um þátttöku í þessu tilraunaverkefni og hafa yfirumsjón með reksti þess. Leggja síðan mat á árangurinn í lok árs 2004.

Þetta er því mikið og allkostnaðarsamt áttak en aðstandendur þess telja þeim fjármunum vel varið ef árangur næst. Lokið er við að þýða ofangreindar matsaðferðir og haldið hefur verið námskeið fyrir verð-

andi leiðbeinendur. Þar fóru finnskir sérfræðingar ítarlega yfir matskerfin, hvernig þau eru upp byggð og hvernig þeim er beitt úti á vinnustöðunum. Þátttakendur fóru síðan í fyrirtæki og æfðu sig og þar með var talið að búið væri að koma frumþekkingu til skila.

Tilraunaverkefnið hófst þá með þremur fyrirtækjum í málmíðnaðinum á grundvelli ELMERI aðferðarinnar og jafnmörgum með TR-mælinn í byggingariðnaðinum.



TR-mælirinn (fyrir byggingariðnaðinn) var tekinn í notkun í Finnlandi árið 1992 og var ætlaður sem tæki til að skoða og meta öryggisáðstæður á byggingavinnustöðum. Þessi aðferð átti að vera einföld í framkvæmd og traust og niðurstöður mælinganna óháðar því hverjir mátu og mældu á vinnustöðunum. Niðurstöður þeirra áttu síðan að gagnast við að minnka slysa-hættu og koma á betri umgengni.

Skemmst er frá því að segja að niðurstöður þessara mælinga reyndust mjög vel til að bæta ástand þessara mála og breiddist aðferðin fljótt út – ekki aðeins í Finnlandi heldur líka í öðrum löndum.

Með hliðsjón af þessari góðu reynslu var ákveðið að þróa aðferðafræðina frekar til brúks í öðrum iðngreinum og þá varð ELMERI til. Með ELMERI er, auk þess að meta vinnuumhverfið sjálft, ennfremur metin almenn staða öryggis- og heilbrigðismála í viðkomandi málmíðnaðarfyrirtækjum bæði með hliðsjón af fram-

göngu fyrirtækjanna sjálfra svo og starfsmanna þeirra.

Þessi aðferðafræði byggir á stöðluðum, reglubundnum skoðanaferðum um fyrirfram afmarkað svæði fyrirtækisins þar sem 26 atriði eru skoðuð. Niðurstöðurnar eru skráðar og reiknuð út Elmeri-stig sem færð eru á línurit. Það er hengt upp þar sem allir starfsmenn hafa aðgang. Þar geta þeir séð þróunina milli tímabila og jákvæður keppnisandi skapast innan fyrirtækja og milli þeirra.

Tilraunaverkefni sett af stað

Samtök iðnaðarins og Samiðn fengu sex fyrirtæki til að taka þátt í tilraunaverkefni sem felst í því að þjálfar menn innan fyrirtækjanna til að gera mælingar í anda TR og Elmeri. Þeir eru nú að mæla hver á sínum stað til næstu áramóta. Að því loknu meta aðstandendur verkefnisins árangurinn. Verði niðurstaðan jákvæð er stefnt að því að koma aðferðunum til framkvæmda á næstu árum í þeim fyrirtækjum í málm- og byggingariðnaði sem þess óska.

Málmíðnaðarfyrirtækin sem eiga hlut að máli eru: Héðinn hf., Marel hf. og Slippstöðin hf.

Ákveðið hefur verið að fræðslustofnanir greinanna, Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins ehf. og Menntafélag byggingariðnaðarins ehf. standi fyrir fræðslu og námskeiðum um þetta málefni í framtíðinni og skipuleggja þá aðstoð sem fyrirtækin þarfnast til að koma matskerfunum á fót hjá sér.



Byggingastjórar og iðnmeistarar

með sérstöku tilliti til málmíðnaðarins

Síðla vetrar var haldinn almennur félagsfundur í Málmi – samtökum fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, þar sem fjallað var um ofangreint fundar-efni.

Í fyrstu gerði Eyjólfur Bjarnason, tækni-fræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, grein fyrir því ferli sem farið er eftir við útgáfu byggingaleyfa, allt frá því að sótt er um slíkt leyfi og þar til það er veitt.

Hann fór síðan yfir ábyrgðarsvið stálsmíðameistara og annarra og hverjir gætu fengið löggildingu (iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla). Eyjólfur gerði því næst að umræðuefni lagaákvæði um byggingastjóra, sem er framkvæmdastjóri byggingaframkvæmda. Þar eru ýmsir kallaðir til sögunnar, svo sem vélvirkjameistarar, pípu-lagningameistarar, múrarmeistarar og fleiri sem hafa meiri menntun á bygginga-sviði. Vakinn var athygli á því að þrátt fyrir mikla baráttu Málm- og Samtaka iðnaðarins hefði ekki tekist að fá löggjafann til að

bæta stálvirkjameisturum (áður ketil- og plötusmíðum) á þennan lista. Sú baráttu stæði enn og hvorki yrði látið laust né fast fyrir en sigur hefði unnist.

Framsögumaður fjallaði ítarlega um ákvæði byggingarreglugerðar um löggilding-ingar og hvernig brugðist var við að leysa mál þeirra sem fengu meistarabréf fyrir árið 1989, áður en meistaraskólar tóku til starfa, og höfðu því ekki löggildingu eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Eftir var til sérstakra löggildingarnámskeiða til að leysa vanda þeirra og sótti þau mikill fjöldi.

Síðan greindi framsögumaður frá sögu þessara mála, allt frá því ný lög og reglu-gerð tóku gildi árið 1998. Allar götur síðan hefur SI reynt að ná fram breytingum á ákvæðum um hverjir geti orðið bygginga-stjórar og enn verður haldið áfram, eins og áður er sagt. Fram kom að nú er unnið að endurskoðun skipulags- og byggingalaga og er Eyjólfur fulltrúi SI í þeirri vinnu. Hann sagði að í því starfi legði hann mesta áherslu á að koma á samræmi á því hverjir geti orðið byggingastjórar, að ákvæðin um

þá verði skýrari og einfaldari og gætt almennt hagsmuna iðnmeistara í umræddum lögum og reglum.

Margar fyrirsurnir voru bornar fram á fundinum og þeim svarað í þau. Að lokum var samþykkt samhljóða eftirfarandi aðgerðaráætlun:

- 1) að fela SI að leita til þriggja tiltekinnna smíðja, sem ekki fullnægja ítrustu kröfum laga og reglugerðar um byggingastjóra en vilja láta reyna á réttindi sín. SI sækir síðan fyrir þeirra hönd um slíka viðurkenningu á grundvelli eigin reynslu
- 2) að leita til SI um að athuga hvort brotið hafi verið á þeim aðilum sem annast byggingastjórn fyrir gildistöku nýggjandi laga
- 3) takist ekkert af þessu standi SI fyrir kærnu til umboðsmanns Alþingis um meintan réttindamissi fyrirtækjanna.

Auk þessarar aðgerðaráætlunar samþykkti fundurinn samhljóða eftirfarandi tillögu:

„Almennur félagsfundur í Málmi – samtökum fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, haldinn 16. mars 2004 krefst þess að í endurskoðaðri byggingarreglugerð verði kveðið á um að stálsmíðameistarar (áður ketil- og plötusmíðameistarar) geti starfað sem byggingastjórar.“

Þá var fjallað um samræmdar kröfur verkkaupa í útboðum um öryggis- og heilbrigðisáætlanir.

Fundarmenn voru sammála um að ganga þyrfti eftir því við framkvæmd þessara krafna að allir, sem málið varðar, yfirmenn og óbreyttir starfsmenn, verði að axla ábyrgð í þessum efnum í stað þess að vísa henni alfarið á fyrirtæki eins og því miður væru mikil brögð að. Hér væri um sameiginlegt viðfangsefni að ræða og miklu skipti að allir myndu til ábyrgðar til þess að forðast óhöpp og slys á vinnustöðum.

Ráðstefna í haust um sóknarfæri í málmíðnaði

Ljóst er að til þess að geta tekið þátt í ýmsum þeim verkefnum sem tengjast frekari uppbyggingu stóriðju og orkuvera þurfa fyrirtæki að uppfylla ýmsar tækni-, öryggis- og gæðakröfur.

Ekki er öllum ljóst hverjar þessar kröfur eru. Því hefur verið ákveðið að efna til sérstaks fræðslufundar um kröfurnar og hvernig best verður staðið að

því að uppfylla þær. Í því sambandi er rétt að nefna að þeim sem standast þær opnast um leið nýir og áhugaverðir möguleikar í framtíðinni. Það má því með sanni segja að af því geta skapast ómæld sóknarfæri í íslenskum málmíðnaði.

Ráðstefnan verður í Reykjavík 29. september og nánar auglýst síðar.

Nýr kjarasamningur við Samiðn

Nú hafa þeir sem hlut eiga að máli staðfest nýjan kjarasamning við Samiðn og gildir hann frá 26. apríl sl. til loka árs 2007. Þessi kjarasamningur er gerður með hliðsjón af tilteknum markmiðum sem hvíla á eftirfarandi forsendum:

1. Að verðlag þróist í samræmi við verðbólguþróun Seðlabanka Íslands.
2. Að sú launastefna og þær kostnaðarhækkningar sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningsgerð á vinnumarkaði.

Fari svo að þessar forsendur bregðist er hægt að vísa málinu til sérstakrar „forsendunefndar.“ Hún skal meta tvisvar á tímabilinu – 15. júní 2005 og á sama tíma 2006 – hvort settar forsendur standist. Náist samkomulag í nefndinni um viðbrögð getur hún úrskurðað að samningurinn haldist í gildi, „að teknu tilliti til niðurstöðu

nefndarinnar,“ eins og þar segir. Ef slíkt samkomulag næst ekki er samningurinn uppsegjanlegur í desember umrædd ár og verður laus næstu áramót á eftir.

Laun hækka um 3,25% frá 16. apríl, 1. janúar 2005 um 3%, um 2,5% í ársbyrjun 2006 og um 2,25% 1. janúar 2007. Ennfremur voru lágmarkstaxtar hækkaðir nokkuð en þeir hafa ekki verið mikið notaðir undanfarið, eru þó oft hafðir til viðmiðunnar. Þó er skýrt tekið fram í samninginum að þessar hækkanir lágmarkstaxta eiga ekki að leiða sjálfkrafa til hlutfallslega sömu launahækkana á hærri laun.

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð úr 6% í 7% og síðan úr 7% í 8% í ársbyrjun 2007 samhliða 0,45% lækun almenns tryggingargjalds. Í ársbyrjun 2005 fellur niður skylda til að greiða 1% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns. Þá tekur aftur á móti

gildi sú regla að starfsmaður sem leggur a.m.k. 2% viðbótarframlag í séreignasjóð skal fá jafnhátt móttframlag vinnuveitanda. Leggi starfsmaður hins vegar ekkert fram til þess arna þarf atvinnurekandi ekki að uppfylla frekari skyldur að þessu leyti.

Þá hækka desember- og orlofsuppbætur og er vísað í þær tölur og samninginn í heild á vef Samtaka atvinnulífsins: www.sa.is.

Mörg fleiri ný atriði er að finna í hinum nýja kjarasamningi en þau verða ekki rakin frekar á þessum vettvangi. Þó er rétt að vekja athygli fyrirtækja á Reykjavíkursvæðinu á því að breyting var gerð á ákvæðum um flutningslínu. Höfuðborgarsvæðinu var áður skipt í þrjú svæði en eru nú tvö: 1. Reykjavík (utan Kjalarness), Kópavogur, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Garðabær og Bessastaðahreppur, 2. Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjósahreppur.

Frá Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins:

Stórstígar framfarir í kennslu í vökvatækni

- samið við FESTO um búnað og kennslugögn

Frá stofnun Fræðsluráðs málmíðnaðarins hafa verið haldin fjölmörg námskeið í vökvatækni. Margir þekkja mjög góða kennslu Hjalta Þorvarðarsonar í þessum fræðum og mikil þekking og færni dreifst í kjölfar þeirra um allt land.

Ný tækni krefst nýrra aðferða

Eins og með aðrar greinar innan málmíðnaðarins hefur orðið mikil þróun í vökvatækninni síðustu árin og má jafnvel líkja henni við byltingu. Þessi þróun krefst enn meiri fræðslu og þjálfunar hér á landi. Þeirri þörf verður ekki fullnægt nema með því að endurnýja allan kennslubúnað og námsgögn og færa hvorutveggja til þeirrar tækni sem rutt hefur sér til rúms.

Því ákvað Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins (FM) að leita fanga erlendis um kaup á tækjum og kennslufni til þess arna ásamt með aðgangi að þjálfun og alls þess sem til þarf svo að hægt verði að þýða, staðfæra og koma á fyrsta flokks kennslu á þessu sviði hér á landi. Leitað var til allra helstu fyrirtækja á þessum markaði og að lokum

ákveðið að semja við FESTO sem hefur aðalstöðvar í Þýskalandi en útstöð í Noregi sem verður í beinu sambandi við okkur hér á landi um mál þetta. Fyrirtækið stendur mjög framarlega í vökva- og loftstýritækni, framleiðir vökvabekki til að kenna á vökvafæðina og einnig ýmis tölvuforrit til hönnunar og hermunar á loft-, vökva- og rafstýringum.

Með samningnum við FESTO fær FM leyfi til að þýða allar kennslubækur þeirra og námskeið á þessu sviði. Gott aðgengi verður auk þess að öllum þeirra sérfræðingum og öllum kennslutækjum og -tólum sem menn þurfa að nota við kennslu og námskeiðahald.

Mikill kostnaður

Ljóst er að þetta átak kostar mikið fé. Bæði til að greiða til FESTO en ekki síður til að þýða, staðfæra og gefa út kennslugögnin. Nú þegar hefur verið leitað eftir fjárhagslegum stuðningi til starfsmenntasjóðs, fyrirtækja og stofnana sem gætu haft hagsmuni af því að okkur takist að bjóða bestu þjónustu á þessu sviði. Auk þess

mun FM leggja fram fé til þessa starfs og mikla vinnu ásamt með öllu því frumkvæði sem nauðsynlegt er til að framfaramál af þessu tagi komist í heila höfn.

Mekatronik

FESTO hefur tileinkað sér þá nýju iðnatækni sem nefnd hefur verið „meka-tronik“ á erlendum málum. Þar er um að ræða sambland ýmissa afmarkaðra stýri- og véltæknilegra viðfangsefna svo sem tölvutækni, véltækni og raftækni í eitt fag sem sífellt meiri eftirspurn er eftir.

Í stefnumótunarvinnu Málmis á síðasta ári var einmitt óskað eftir að slíkt nám yrði á boðstólum hér á landi sem allra fyrst. Með þessum samningi við FESTO gefst kostur á að koma því á og fullnægja með þeim hætti aukinni þörf í nútíma tækni-samfélagi.

Augljóst má heita að ef væntingar ganga eftir getur þetta samstarf við FESTO fært íslenskan málmíðnað mjög fram í þróuninni og við það opnast nýir og áhugaverðir möguleikar á viðum völlum tækni-samfélags framtíðarinnar.

Fréttir úr blikkgreininni

Erlent vinnuafli í blikkgreininni er enn til umræðu í stjórn Félags blikksmiðju-eigenda. Henni þykir lítið hafa áunnist í málinu þrátt fyrir mikla vinnu. Svo er að sjá sem stjórnvöld hafi ekki áhuga eða ekki tök á að setja undir þann leka sem öllum eru sýnileg við framkvæmd þess.

Þessi þróun leiðir m.a. til þess að fyrir-tæki í greininni, sem leggja metnað sinn í að hafa innlenda fagmenn í vinnu, sitja ekki við sama borð og hinir sem ráða erlenda menn frá leigumiðlurum af EES-svæðinu. Margir telja að þetta skapi ójafnvægi á útboðsmarkaðnum með þeim afleiðingum að þeir sem ekki nýta sér erlent vinnuafli verði ekki samkeppnishæfir. Stjórn FBE mun fjalla ítarlega um málið með lögfræðingi Samtaka atvinnulífsins á næstu dögum og verður félagsmönnum greint frá niðurstöðunum.

Námskeið FM

Hreint loft, námskeiðin ellefu sem Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins bauð í vetur fyrir þá sem hanna, setja upp og halda við loftræstikerfum, gengu mjög vel. Óhætt er að segja að þátttakendur hafi verið ánægðir með þá fræðslu sem þeir fengu enda fjallað um alla þætti, hönnunarforsendur loftræstikerfa, tegundir, uppbyggingu auk rafmagns- og hljóðfræði, brunavarnir, mælingar, útboð og stjórnkerfin sjálf. Síðast en ekki síst er þátttak-

endum svo kennd uppsetning og notkun hand- og þjónustubóka fyrir loftræstikerfi.

Með þessari námskeiðaflóru hefur FM safnað saman miklum fróðleik um þetta tæknisvið og auk heldur tryggt að höfundarnir kenni hann á námskeiðum. Náms-efnið mun nýtast bæði sem handbók fyrir fagmenn og einnig til notkunar við kennslu í blikksmiðanámi og öðrum tæknigreinum.

Nú eru blikksmiðjur hvattar til að undirbúa hverjir úr þeirra röðum sækja umrædd námskeið næsta vetur enda er hér um hreina gullnámu að ræða fyrir fyrirtækin og starfsmenn þeirra. Um það vitna jákvæð ummæli þeirra sem sóttu námskeiðin á síðasta vetri.

Meistaraskipti

Meistaraskipti voru til umræðu á aðalfundi Félags blikksmiðjueigenda (FBE) í vor. Vakin var athygli á veikri stöðu þeirra sem skrifa upp á sem blikksmiðameistarar við byggingaframkvæmdir sem birtist í því að þeir eru settir af án þess að úttekt hafi verið gerð á viðkomandi verki og aðrir látnir taka við. Veik staða þeirra kemur líka fram. Sá sem sækir um byggingaleyfið fær það ekki nema að hafa tryggt slíkar uppáskriftir fyrirfram enda þótt ekki sé á því stigi ljóst hverjir taka verkið að sér þar sem útboð hefur, af eðlilegum ástæðum, ekki farið fram. Ein afleiðing þessa er algjört sambandsleysi milli byggingameistara og byggingastjóra þannig að meistarar fá engan stuðning frá byggingastjórum og

einangrast frá þeim sem ber ábyrgð á heildarverkinu.

Þetta ástand er óþolandi að dómi allra sem tjáðu sig um það á aðalfundinum og alls ekki til þess fallið að að koma á eðlilegum, hvað þá faglegum, samskiptum greina eins og blikksmiðinnar og byggingaryfirvalda.

Það er því full ástæða fyrir félagið og Samtök iðnaðarins að taka þetta mál til sérstakrar meðferðar. Fyrst er að skilgreina vandamálið vel með yfirvöldum byggingamála í Reykjavík og leita með þeim leiða til að koma ástandinu í betra horf fyrir alla aðila. Svona gengur þetta ekki lengur.

Norrænu arkitektaverðlaunin

Norrænu arkitektaverðlaunin sem Norðisk Blikkenslagermesterforbund hefur gengist fyrir síðustu árin hafa tvímælalaust orðið til þess að arkitektar hafa gefið meiri gaum að þeim möguleikum sem notkun þunnmálma við klæðningar bygginga og mannvirkja skapar. Það var og líka tilgangur þessara verðlauna.

Nú eru uppi hugmyndir um að breyta til í þessum efnum. Til umræðu er að miða verðlaunin við góðar hugmyndir á þessu sviði frá nemum í arkitektúr í hverju landi fyrir sig. Þannig myndu þeir strax sem namar velta fyrir sér þunnmálmum í sambandi við útfærslur og útlit bygginga. Síðan yrðu verðlaun veitt í hverju landi fyrir sig í nafni Norrænu samtaka blikksmiðameistara. Fram til þessa hefur enginn kennsla farið fram hér á landi í arkitektúr en fréttir berast þó af því að breyting geti orðið þar á fyrir en síðar. Vonandi gengur það eftir – alltént er okkur nauðsyn að vera áfram með í þessari ágætu og jákvæðu keppni.

Euro-Blech - Hannover

Euro-Blech, véla- og verkfærasýningin í Hannover, verður að þessu sinni í lok október nk. Samtök iðnaðarins efna til hópferðar þangað og verður flogið beint til Hannover með viðkomu í Kaupmannahöfn. Dvalið verður á góðu hóteli í miðborginni.

Þessi sýning er orðin mjög vinsæl meðal þeirra sem vinna úr þunnmálmum og ekki síður hjá þeim sem vinna úr ryðfríu stáli. Margar vélar og tæki sem nú eru í smiðjum landsins hafa verið keyptar á þessari sýningu enda fá menn þar oft umtalsverðan afslátt frá listaverði.



Úr stefnumótun Málmis:

Leiðarvísir til tæknisamfélagsins

Eitt þeirra verkefna sem vinna þarf að, til þess að íslenskum málmíðnaði auðnist að láta þá framtíðarsýn sem mótuð hefur verið árið 2010 ganga eftir, er að tryggja fjármögnun til eflingar verk- og tæknimenntunar ásamt með nýsköpun. Þar er bent á þá leið að leggja auðlindagjald á nýtingu vatns- og gufuafli, sem er sameign þjóðarinnar og nýta afrakstur þess til ofangreinds verkefnis. Með því yrði varðaður vegurinn til tæknisamfélags framtíðarinnar.

Þegar þess er gætt að all vísitæk pólitísk samstaða virðist meðal landsmanna um að þeir sem nýta sameiginlegar auðlindir, greiði fyrir það gjald í ríkissjóð, þá ætti þessi tillaga að vera fullkomlega raunhæf. Alþingi hefur lagt auðlindagjald á útgerðir og afraksturinn notaður til að efla vísindarannsóknir á lífríki sjávar við landið. Talsmenn útgerða hafa bent á að úr því að þeim sé gert að greiða slíkt gjald sé eðlilegt að leggja sams konar gjald á nýtingu annarra sameiginlegra auðlinda og tryggja þannig að atvinnugreinar sitji allar við sama borð.

Nýting náttúruauðlinda

Þróun íslensks atvinnulífs hefur einlægt byggst á því að nýta auðlindir og koma afrakstri þeirra sem fyrst í verð. Þetta hefur gefist vel hingað til og orðið til þess að á Íslandi er mikil velferð. Áfram verður gerð krafa

um að við fyllum flokk velferðarþjóða og bætum lífskjörin í takt við það sem best gerist. Á síðari árum hafa menn þó leitt hugann að því að ekki sé endalaust hægt að auka þjóðartekjur með því að ganga á náttúruauðlindir enda eru þær takmarkaðar og náttúruvernd á auknu fylgi að fagna. Ef við ætlum að gera hvorttveggja í senn, að tryggja hér bestu lífskjör og sættast sem þjóð í umgengni við náttúruna, þarf samhliða skynsamlegri nýtingu auðlinda að hyggja að nýjum leiðum.

Auðlindagjald orkuvera

Verði tekið gjald af notkun sameiginlegra auðlinda, eins og hér er lagt til, er tímaþætt og eðlilegt að hugleiða hvernig þeim fjármunum verður best varið. Á að setja þá óskilgreinda í ríkissjóð og verja í öll þau málefni sem ríkisstjórnnum hugkvæmist að styrkja á komandi áratugum? Eða er vænlegra að huga að enn frekari atvinnuuppbyggingu og eyrnamerkja þennan afrakstur strax því málefni líkt og gert var með auðlindagjald sjávarútvegsins?

Ný auðlind

Vitað er að aðgengi að miklum náttúruauðlindum þarf ekki nauðsynlega að vera grundvöllur hagsældar þjóða. Nægir að nefna Dani sem eru næsta snauðir af slíkum lindum en þeim hefur samt tekist að byggja upp atvinnurekstur sem er grundvöllur einnar mestu hagsældar sem um getur. Þessi þjóð, og raunar margar fleiri, hafa lagt áherslu á að virkja tækni- og verkmenntun þegnanna til nýsköpunar og mikillar verðmætaframleiðslu og fylgt því eftir með útrás á alþjóðamarkaði. Slík



auðlind verður því aðeins að veruleika að skólar og menntakerfið í heild sé fært um að mennta unga fólkið í samræmi við þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma. Ennfremur að til sé þolímótt áhættufjármagn sem styrkir nýsköpun og aðlögun að nýrri tækni. Á þeim vettvangi er að finna uppsprettu auðlegðar sem ekki er síður verðmæt en margar náttúruauðlindir.

Arðvænleg fjárfesting

Íslendingar leggja hlutfallslega minnst af þjóðartekjum sínum til menntunar og nýsköpunar þegar mið er tekið af nágretta- og samkeppnisþjóðum okkar og sýnu minnst til tækni- og verkmennta. Því miður hefur þetta bil heldur breikkað undanfarin ár og þess vegna er full ástæða til að staldra við, leita átta og spyrja hvert ferðinni sé heitið. Er svarið að halda áfram að treysta nær eingöngu á auðlindirnar til að auka þjóðartekjurnar eða viljum við söðla um og þróa jafnframt tækniþjóðfélag, sem framleiðir dýrar og eftirsóttar vörur á alþjóðamarkað?

Með stefnumótun sinni til ársins 2010 hefur íslenskur málmíðnaður svarað þessu fyrir sitt leyti. Miðað við reynslu annarra þjóða er fjárfesting til tæknisamfélagsins einhver arðvænlegasta fjárfesting sem hægt er að ráðast í.

Næsta skref í þessu máli er að ræða frekar innan Samtaka iðnaðarins þær tillögur sem hér eru settar fram, útfæra þær og skoða frá öllum hliðum.



Málmíðnaður
1. tbl. Júní 2004
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 25.06.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Ingólfur Sverrisson
Ritstjóri: Ingólfur Sverrisson
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Framtíðarsýn málmíðnaðarins árið 2010

*Mikil framþróun í íslenskum
málmíðnaði*

*Öflug útrás – forysta
á alþjóðamarkaði*

*Öflug, sérhæfð og arðsöm fyrir-
tæki á alþjóða markaði*

*Málmíðnaður bætir lífkjör –
jákvæð ímynd í þjóðfélaginu*

Hvað þarf til

*Góð almenn samkeppnis- og
rekstrarskilyrði - virka löggjöf
og stuðningur*

*Jákvætt hugarfar gagnvart
málmíðnaði*

Virka stjórnun og gæði í fyrirrúmi

*Tækniþróun í málmíðnaði – leið til
stórfelldra framfara*

*Öfluga menntun og
þekkingaruppbygging*

Markvisst markaðsstarf

Helstu verkefni

Aukin framleiðni

Meiri gæðavitund – nýting staðla

Efling verk og tæknimenntunar – breytt menntastefna

Bætt ímynd greinarinnar

Aukin kostnaðarvitund

Nýjar tillögur um fjármögnun nýsköpunar, verk- og tæknimenntunar

Samhæfing og efling endurmenntunar

Lækkun íþyngjandi gjalda

Ný tækni – nýjar námsgreinar

Ný hugsun – endurbætt stjórnun